

HVÍTASUNNA

I

Gagnvart viðburði þeim sem talað er um í dag á 100.000 ræðustólum og fleiri, munu menn skiftast í two aðalflokka. Þá sem halda að sögu þessa sé ekki að marka, og hina, sem taka við sögunni um sendingu heilags anda, eins og hún er að þeim rétt. Í augum náttúrufræðings, sem dálítið er kunnugt um sum lögmál lífsins, er til skamms tíma hafa ekki kunn verið, þó að undirstöðulögmál séu, er sagan, í aðalatriðum, sennileg. Það er saga af aðstreymi kraftar, og magnan undir áhrifum stillilögmálsins (law of determinants). Það sem gerðist þennan sögulega morgun, er ekkert annað en sérstök tegund af þeirri hleðslu, lífhleðslunni, sem er undirrót lífs vors og heldur því við. En satt er það, að ekkert stendur um þá lífhleðslu í kennslubókum í lífeðlisfræði ennþá, og er þó ekki langt að bíða. Hefi ég fengið góðan mann til liðveislu við mig, þar sem Edison er, hinn ameríski, því að í blaði, sem einhver vinveittur vestur þar sendi mér fyrir skemmu, má sjá að hinn mikli rafmagnssnillingur er þeirrar skoðunar, að lífið sé nokkurskonar hleðsla, og sennilega til vorrar jarðar komið frá öðrum jarðstjörnum, eða utan úr geimi. Edison veit sennilega ekki, að Pythagoras, þessi höfuðskörungur í vitkunarsögu mannkynsins, kenndi einmitt, að lífið hér á jörðu væri komið frá stjörnunum: tas psykhas tón zón apo tón astrón feresþai. En mikið takn tímanna má það teljast, að þessi höfuðskörungur í óorganískri epagógík (ólífrænni íleiðslufræði) eins og að réttu lagi má nefna Edison, skuli vera orðinn líkrar skoðunar um eðli lífsins og hinn mikli gríski spekingur, sem fyrstur talaði um samstillingu hnattanna.

II

Hvítasunnusagan er í mínum augum merkileg, einkum vegna þess, hve stillilögmálið kemur þar fagurlega fram. Postularnir voru á þessum degi mjög vel samhuga, og stilla því hver annan mjög vel til hleðslunnar, eða, nákvæmar sagt, til sambands við uppsprettu þeirrar hleðslu. Þýðing þess að menn séu samhuga eða samstilltir, kemur einnig greinilega fram í þessari vanalegu hleðslu eða lífmagnan, sem verður í svefn. Orð hefir verið gert á hinum undursamlega svefni hermannanna í ófriðnum mikla nú síðast. Segir einn þeirra svo frá: „En það sem umfram allt gerir manninum kleift að berjast, án þess að láta hugfallast yfir mannfallinu og því sem fyrir augun ber, er svefninn. Fyrstu stundirnar er engin hvíld, og það reynir ákaflega á orku líkamans og þó einkum sálarinnar. En eftir nokkra stund, verður svefnþörfin ósigrandi. Hverja mínútu, sem færi gefst, í rigningu, í gjótu, á sléttum vellinum, þó að skothríð sé áköf, leggjumst vér til að sofa. Og menn skulu ekki ætla, að um óværan svefn sé að ræða; vér sofum undursamlega. Jafnskjótt og maðurinn er lagstur útaf, fer um hann blíður ylur, og streymir eftir æðunum, (það er einmitt hleðslan sem með þessum orðum er lýst!) maður hreiðrar sig inn í gjótu eins og lítið barn, og er á augabragði sokkinn niður í hinn dýpst og undursamlegasta svefn, eins og steinn sekkur niður í brunn.“ (Hereward Carrington: Psykiske Fænomener i Krigen, J. E. Hohlenberg þýddi, 1920; s. 65) sbr. Nýal s. 121.

Ef manni er kunnugt um lífhleðsluna og stillilögmálið, þá skilur hann hvernig á þessum undursamlega svefni stendur, og eins, hin illu áhrif andlegrar einangrunar, sem þeir fá að reyna á erfiðan hátt, sem hugsa nýjar og merkilegar hugsanir, og eru öndverðir og varnarlitlir gagnvart ýmsu því, sem til svefnleysis leiðir.

Mjög skemmtilega koma einnig fram í sögunni stilliáhrif fjöldans, sem postulasagan segir, auðvitað með talsverðum ýkjum, að verið hafi „af öllum þjóðum undir himninum.“ Segir að hver og einn hafi heyrt postulana mæla á sína tungu. Einmitt þetta, sem virðist svo ósennilegt þeim sem

ófróðir eru í epagógík (magnanarfræði), gerir söguna sennilega. Hafa svipaðir atburðir orðið bæði áður og síðan. Herodot furðar sig mjög á því, að spámaður Apollóns talar í guðmóði karísku við mann frá Karíu, en kann þó ekki það mál, þegar hann er í vanalegu ástandi (Nýall s. 123); og ýmsar sögur eru til um miðla, sem í sambandsástandi hafa talað tungumál, sem þeir kunnu annars ekki. Þannig orti, til að mynda, Charles Hugo, bróðir hins mikla skálds, á ensku, þegar hann var í miðilsástandi, í viðurvist Englendings, en kunni þó annars ekkert í því máli. Og sjálfur hefi ég heyrta stúlku tala þýsku og syngja í miðilsástandi, sem annars kunni hvorki að syngja eða tala þýsku. Ættu slíkar athuganir að nægja til þess að útrýma þessari hlægilegu undirvitundartrú, sem svo mikil brögð eru að, og svo mjög er til tafar réttum skilningi á þessum afaráríðandi efnum.

III

Undir því er allt komið, um hagi vora, að réttum skilningi verði náð í þessum efnum. Lífið hér hjá oss, er vanskapnaður og misskapnaður, aðeins sífelt visnandi og rotnandi tilraun til lífs. Og orsökin er ónog magnan, ónógt samband við uppsprettu lífsins, og þær oss skyldu lífsstöðvar, sem nauðsyn er að hafa gott samband við, ef ekki á illa að fara.

Milljónir eru að búast við „komu“ einhvers, sem þeir sumir kalla heimskennara. Sú eftirvænting er ekki ástæðulaus. En hvergi hefi ég séð neinn skilning á því, hvað er þessari „komu“ til fyrirstöðu, og er það þó ekkert annað en það, að rangar hugmyndir í heimsfræði og líffræði, eru svo ráðandi, að sá sem vissi það sem þarf til hinnar miklu stefnubreytingar á jörðu hér, mundi öðrum fremur vera andlega einangraður og þessvegna án sambands við frumstöðvar lífsins, en þar af leiðandi vesall og máttlítill. Guð er í helviti vesall og máttlítill, en djöfullinn máttugur og dýrðlegur, hefir vitringur einn sagt. Og það er einmitt þess vegna sem helviti er. Af því er þjáning og dauði, að menn tigna lygi og villu, en fyrirlíta sannleikann.

IV

Vér hér á Íslandi framleiðum ekki tíunda hluta þeirrar orku, sem vér mundum geta framleitt, ef vér værum betur samtaka. Tilgangur lífsins er að ná fullkomnum yfírráðum yfir hinni líflausu náttúru, eða koma á fullkominni samstillingu kraftanna, — því að orðið „yfírráð“ er dálitið villandi. Og þegar þetta tekst, þá verður ekki ófegurð framar og ekki þjáning eða dauði. Það er náttúrulögðmál, að því fullkomnari sem er samstilling hinna lifandi, því meiri eru yfírráðin yfir hinni líflausu náttúru. Þetta kemur einnig þannig fram, að hin meiri eða minni samstilling hefir áhrif á veðurfarið. Ef t. a. m. allir Íslendingar þekktu nú þegar mínar kennningar, og vissu, að það sem ég er að segja, er rétt í öllu því sem mestu skiptir, þá mundum vér fá svo gott sumar, að slíks væri varla dæmi. Ástæðan er sú, að ef menn væru mér samhuga, þá mundi afslsvæðið hér breytast þannig og lagast, að auðvelt væri að koma hér fram áhrifum frá æðri stöðum. Flestum mun þykja þetta mikið sagt og ótrúlega, en þó skulu menn ekki ímynda sér, að ég sé svo léttuðugur, að tala þannig hiklaust um þessi efni, ef ég hefði ekki rétt þekkingarinnar til þess. Og tíminn mun leiða í ljós, að það er óhætt að treysta orðum mínum, og ekki háskalaust, að gera það ekki.

Júní '24.